



# KJARASAMNINGAR 2015

Frekari upplýsingar um samninginn, sjá heimasíður stéttarfélaganna

[www.efling.is](http://www.efling.is) – [www.hlif.is](http://www.hlif.is) – [www.vsfk.is](http://www.vsfk.is)

# Atkvæðagreiðsla um kjarasamning ríkisins og Eflingar, Hlífar og VSFK

Ágæti félagi,

Það er ánægjuefni að loks hefur verið skrifað undir nýjan kjarasamning við ríkið en félagsmenn höfðu verið án kjarasamnings frá 1. maí síðastliðnum. Samningurinn gildir afturvirktt frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019.

- Kjarasamningurinn felur í sér verulegar launahækkningar við upphaf samnings þar sem að launataxtar hækka um 25.000 kr. eða að meðaltali um 9,78%.
- Launataxtar hækka að lágmarki um 15.000 kr. 1. júní 2016 auk leiðréttingar á launatöflu sem jafngildir 5,9% hækkun að meðaltali.
- Þann 1. júní 2017 hækka launataxtar um 4,5%.
- Þann 1. júní 2018 hækka launataxtar um 3%.
- Sérstök eingreiðsla kemur 1. febrúar 2019 að upphæð kr. 45.000, miðað við þá sem eru í fullu starfi 1. janúar 2019 og hlutfallslega fyrir þá sem eru í hlutastarfi.
- Árin 2016-2018 verða árlega settar 20 milljónir í það verkefni að samræma stofnanasamninga heilbrigðisstofnana og eftir atvikum til að styrkja stofnanasamningskerfið.
- Framlag í fræðslusjóð eykst um 0,15% og verður 0,82% sem er mjög jákvætt skref til þess að efla félagsmenn enn frekar í starfi.
- Launataxtar fyrir tímamælda ákvæðisvinnu í ræstingum hækka um tæplega 34% á samningstímanum.
- Tekjutryggingin hækkar um 86.000 kr. á samningstímanum og verður komin í 300.000 kr. 1. maí 2018.
- Orlofsuppbót hækkar um 21,5% á samningstímanum og fer í 42.000 kr. við upphaf samnings en verður komin í 48.000 kr. í lok samnings.
- Desemberuppbót hækkar um tæplega 21% og fer í 78.000 kr. á árinu 2015 en 89.000 í lok samningstíma.


Við teljum að kjarasamningurinn feli í sér verulegar launabætur fyrir félagsmenn og hvetjum þig til að nýta atkvæðisrétt þinn og greiða atkvæði með samningnum.

Atkvæði þurfa að hafa borist viðkomandi félagi fyrir kl. 12:00 þann 30. október nk. en síðar þann dag verður niðurstaðan kynnt.

Með félagskveðju,

  
Sigurður Bessason  
formaður Eflingar



  
Kolbeinn Gunnarsson  
formaður Hlífar



  
Kristján Gunnarsson  
formaður VSFK



# Sérstök áhersla á hækkun lægri launa

## Tekjutrygging

1. janúar 2014	214.000		
1. maí 2015	245.000	31.000	14,5%
1. júní 2016	260.000	15.000	6,1%
1. júní 2017	280.000	20.000	7,7%
1. júní 2018	300.000	20.000	7,1%

Með nýjum kjarasamningi var sérstök áhersla á hækkun lægstu launa og hækkar því tekjutryggingin um 40,2% á samningstímanum eða 86.000 kr. og fer úr 214.000 kr. í 300.000 kr.

	Orlofsuppbót		Desemberuppbót	
2014	39.500		73.600	
2015	42.000	6,3%	78.000	6,0%
2016	44.500	6,0%	82.000	5,1%
2017	46.500	4,5%	86.000	4,9%
2018	48.000	3,2%	89.000	3,5%

Orlofsuppbót hækkar um 21,5% á samningstímanum.

## Breyting á grein 2.6.2 um vaktavinnu

Gerð var breyting á grein 2.6.2 um vaktavinnu, þar sem stofnunum er nú gert að leggja drög að vaktskrá 6 vikum áður en að hún tekur gildi þar sem jafnframt er lögð áhersla á að uppsöfnun vinnutíma sé takmörkuð eins og frekast er unnt.

- Er hér verið að horfa til þess að viðverkerfi eða tímabankar leiði ekki til verulegra frávika á raunvinnutíma miðað við ráðið starfshlutfall í hverjum mánuði.

Þá eiga starfsmenn að fá í framhaldinu einnar viku svigrúm til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á fyrirliggjandi drögum að vaktskrá.

## Breyting á grein 3.5.1 um skyldur starfsmanna að matast með sjúklingum/vismönnum

Bætt var við texta í grein 3.5.1 að starfsmenn skulu hafa sambærilega aðstöðu og sama fæði og sjúklingar/vismenn.

## Tímamæld ákvæðisvinna í ræstingu

	kl. 08-20	kl. 20-08
1. maí 2015	1.463,52	1.765,58
1. júní 2016	1.565,97	1.724,75
1. júní 2017	1.655,23	1.996,86
1. júní 2018	1.724,75	2.080,72

Taxtar í tímamældri ákvæðisvinna hækka um tæp 34% á samningstímanum

## Lagfæringar á texta kjarasamnings

Ýmsar lagfæringar voru gerðar á texta kjarasamnings, bæði til að skýra einstök ákvæði auk þess að samræma við aðra kjarasamninga.

## Samningsforsendur

Mikilvæg ákvæði um samningsforsendur fylgja samningnum sem fela meðal annars í sér að aðilar taki upp viðræður, komi til þess að samningar á almenna vinnumarkaðnum verði sagt upp.

## Fylgiskjöl og bókanir

Ýmsar bókanir og fylgiskjöl koma með samningnum svo sem bókun um sveigjanleg starfslok og bókun um viðræður um skipulag vinnutíma.



**Mundu að  
skila atkvæði þínu  
tímanlega**

**Ekki geyma það  
til síðasta dags!**

# Launaflokkar frá 1. maí 2015 – mánaðarlaun – launataxtar hækka um 25.000 kr.

Tekjutrygging 245.000 – lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	226.406	228.166	229.953	231.767	233.608	235.476
2	229.953	231.767	233.608	235.476	237.372	239.297
3	233.608	235.476	237.372	239.297	241.251	243.234
4	237.372	239.297	241.251	243.234	245.247	247.290
5	241.251	243.234	245.247	247.290	249.364	251.469
6	245.247	247.290	249.364	251.469	253.605	255.773
7	249.364	251.469	253.605	255.773	257.974	260.208
8	253.605	255.773	257.974	260.208	261.525	263.826
9	257.974	260.208	261.525	263.826	265.162	266.583
10	261.525	263.826	265.162	266.583	268.989	269.532
11	263.412	264.833	267.239	267.782	270.261	271.877
12	267.239	267.782	270.261	271.877	273.431	275.023
13	270.261	271.877	273.431	275.023	276.654	278.325
14	273.431	275.023	276.654	278.325	280.136	281.988
15	276.654	278.325	280.136	281.988	283.781	285.616
16	280.136	281.988	283.781	285.616	288.493	291.413
17	283.781	285.616	288.493	291.413	294.377	297.386
18	288.493	291.413	294.377	297.386	300.440	303.540
19	294.377	297.386	300.440	303.540	306.686	309.879
20	300.440	303.540	306.686	309.879	313.120	316.410
21	306.686	309.879	313.120	316.410	319.778	323.262
22	313.120	316.410	319.778	323.262	326.798	330.388
23	319.778	323.262	326.798	330.388	334.031	337.729
24	326.798	330.388	334.031	337.729	341.482	345.292
25	334.031	337.729	341.482	345.292	349.159	353.206
26	341.482	345.292	349.159	353.206	357.359	360.502
27	349.159	353.206	357.359	360.502	363.709	368.052
28	357.359	360.502	363.709	368.052	371.411	374.933
29	363.709	368.052	371.411	374.933	378.523	381.630
30	371.411	374.933	378.523	381.630	386.545	391.619
31	378.523	381.630	386.545	391.619	396.769	401.997
32	386.545	391.619	396.769	401.997	407.303	412.690
33	396.769	401.997	407.303	412.690	418.156	423.705
34	407.303	412.690	418.156	423.705	429.337	435.053
35	418.156	423.705	429.337	435.053	440.854	446.744
36	429.337	435.053	440.854	446.744	452.721	458.787
37	440.854	446.744	452.721	458.787	464.946	471.196
38	452.721	458.787	464.946	471.196	477.542	483.981
39	464.946	471.196	477.542	483.981	490.516	497.151
40	477.542	483.981	490.516	497.151	503.885	510.721
41	490.516	497.151	503.885	510.721	517.657	524.698
42	503.885	510.721	517.657	524.698	531.844	539.099
43	517.657	524.698	531.844	539.099	546.461	553.935
44	531.844	539.099	546.461	553.935	561.518	569.219
45	546.461	553.935	561.518	569.219	577.033	584.964

# Launaflokkar frá 1. maí 2015 – prósentuhækkun

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	12,4%	12,3%	12,2%	12,1%	12,0%	11,9%
2	12,2%	12,1%	12,0%	11,9%	11,8%	11,7%
3	12,0%	11,9%	11,8%	11,7%	11,6%	11,5%
4	11,8%	11,7%	11,6%	11,5%	11,4%	11,2%
5	11,6%	11,5%	11,4%	11,2%	11,1%	11,0%
6	11,4%	11,2%	11,1%	11,0%	10,9%	10,8%
7	11,1%	11,0%	10,9%	10,8%	10,7%	10,6%
8	10,9%	10,8%	10,7%	10,6%	10,6%	10,5%
9	10,7%	10,6%	10,6%	10,5%	10,4%	10,3%
10	10,6%	10,5%	10,4%	10,3%	10,2%	10,2%
11	10,5%	10,4%	10,3%	10,3%	10,2%	10,1%
12	10,3%	10,3%	10,2%	10,1%	10,1%	10,0%
13	10,2%	10,1%	10,1%	10,0%	9,9%	9,9%
14	10,1%	10,0%	9,9%	9,9%	9,8%	9,7%
15	9,9%	9,9%	9,8%	9,7%	9,7%	9,6%
16	9,8%	9,7%	9,7%	9,6%	9,5%	9,4%
17	9,7%	9,6%	9,5%	9,4%	9,3%	9,2%
18	9,5%	9,4%	9,3%	9,2%	9,1%	9,0%
19	9,3%	9,2%	9,1%	9,0%	8,9%	8,8%
20	9,1%	9,0%	8,9%	8,8%	8,7%	8,6%
21	8,9%	8,8%	8,7%	8,6%	8,5%	8,4%
22	8,7%	8,6%	8,5%	8,4%	8,3%	8,2%
23	8,5%	8,4%	8,3%	8,2%	8,1%	8,0%
24	8,3%	8,2%	8,1%	8,0%	7,9%	7,8%
25	8,1%	8,0%	7,9%	7,8%	7,7%	7,6%
26	7,9%	7,8%	7,7%	7,6%	7,5%	7,5%
27	7,7%	7,6%	7,5%	7,5%	7,4%	7,3%
28	7,5%	7,5%	7,4%	7,3%	7,2%	7,1%
29	7,4%	7,3%	7,2%	7,1%	7,1%	7,0%
30	7,2%	7,1%	7,1%	7,0%	6,9%	6,8%
31	7,1%	7,0%	6,9%	6,8%	6,7%	6,6%
32	6,9%	6,8%	6,7%	6,6%	6,5%	6,4%
33	6,7%	6,6%	6,5%	6,4%	6,4%	6,3%
34	6,5%	6,4%	6,4%	6,3%	6,2%	6,1%
35	6,4%	6,3%	6,2%	6,1%	6,0%	5,9%
36	6,2%	6,1%	6,0%	5,9%	5,8%	5,8%
37	6,0%	5,9%	5,8%	5,8%	5,7%	5,6%
38	5,8%	5,8%	5,7%	5,6%	5,5%	5,4%
39	5,7%	5,6%	5,5%	5,4%	5,4%	5,3%
40	5,5%	5,4%	5,4%	5,3%	5,2%	5,1%
41	5,4%	5,3%	5,2%	5,1%	5,1%	5,0%
42	5,2%	5,1%	5,1%	5,0%	4,9%	4,9%
43	5,1%	5,0%	4,9%	4,9%	4,8%	4,7%
44	4,9%	4,9%	4,8%	4,7%	4,7%	4,6%
45	4,8%	4,7%	4,7%	4,6%	4,5%	4,5%



# Launaflokkar frá 1. júní 2016 – mánaðarlaun

## Tekjutrygging 260.000– lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	241.406	243.166	244.953	246.767	248.608	250.476
2	244.953	246.767	248.608	250.476	252.372	254.297
3	248.608	250.476	252.372	254.297	256.251	258.234
4	252.372	254.297	256.251	258.234	260.247	262.290
5	256.251	258.234	260.247	262.290	264.364	266.469
6	260.247	262.290	264.364	266.469	268.605	270.773
7	264.364	266.469	268.605	270.773	272.974	275.208
8	268.605	270.773	272.974	275.208	276.525	278.826
9	272.974	275.208	276.525	278.826	280.162	281.983
10	276.525	278.826	280.162	281.983	283.989	285.132
11	279.512	281.833	283.339	284.982	287.061	288.477
12	283.339	284.982	286.361	288.177	290.131	291.823
13	286.361	288.177	289.531	291.323	293.254	295.225
14	289.531	291.323	292.954	294.625	296.436	298.688
15	292.754	294.625	296.436	298.288	300.081	302.416
16	296.236	298.288	300.081	301.916	304.793	308.113
17	299.981	302.416	304.793	307.713	310.677	314.386
18	304.893	307.713	310.677	313.742	316.964	320.540
19	310.777	313.742	316.964	320.235	323.554	327.379
20	316.964	320.235	323.554	326.922	330.342	333.813
21	323.554	326.922	330.342	333.813	337.366	341.041
22	330.342	333.813	337.366	341.041	344.772	348.559
23	337.366	341.041	344.772	348.559	352.403	356.304
24	344.772	348.559	352.403	356.304	360.264	364.283
25	352.403	356.304	360.264	364.283	368.363	372.633
26	360.264	364.283	368.363	372.633	377.013	380.330
27	368.363	372.633	377.013	380.330	383.712	388.295
28	377.013	380.330	383.712	388.295	391.839	395.555
29	383.712	388.295	391.839	395.555	399.342	402.619
30	391.839	395.555	399.342	402.619	407.804	413.158
31	399.342	402.619	407.804	413.158	418.591	424.107
32	407.804	413.158	418.591	424.107	429.705	435.388
33	418.591	424.107	429.705	435.388	441.154	447.008
34	429.705	435.388	441.154	447.008	452.951	458.981
35	441.154	447.008	452.951	458.981	465.101	471.315
36	452.951	458.981	465.101	471.315	477.621	484.021
37	465.101	471.315	477.621	484.021	490.518	497.112
38	477.621	484.021	490.518	497.112	503.807	510.600
39	490.518	497.112	503.807	510.600	517.495	524.494
40	503.807	510.600	517.495	524.494	531.598	538.810
41	517.495	524.494	531.598	538.810	546.128	553.557
42	531.598	538.810	546.128	553.557	561.096	568.749
43	546.128	553.557	561.096	568.749	576.517	584.401
44	561.096	568.749	576.517	584.401	592.402	600.526
45	576.517	584.401	592.402	600.526	608.770	617.137

# Launaflokkar frá 1. júní 2016 – krónutöluhækkun

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
2	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
3	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
4	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
5	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
6	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
7	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
8	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
9	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.400
10	15.000	15.000	15.000	15.400	15.000	15.600
11	16.100	17.000	16.100	17.200	16.800	16.600
12	16.100	17.200	16.100	16.300	16.700	16.800
13	16.100	16.300	16.100	16.300	16.600	16.900
14	16.100	16.300	16.300	16.300	16.300	16.700
15	16.100	16.300	16.300	16.300	16.300	16.800
16	16.100	16.300	16.300	16.300	16.300	16.700
17	16.200	16.800	16.300	16.300	16.300	17.000
18	16.400	16.300	16.300	16.356	16.524	17.000
19	16.400	16.356	16.524	16.695	16.868	17.500
20	16.524	16.695	16.868	17.043	17.222	17.403
21	16.868	17.043	17.222	17.403	17.588	17.779
22	17.222	17.403	17.588	17.779	17.974	18.171
23	17.588	17.779	17.974	18.171	18.372	18.575
24	17.974	18.171	18.372	18.575	18.782	18.991
25	18.372	18.575	18.782	18.991	19.204	19.426
26	18.782	18.991	19.204	19.426	19.655	19.828
27	19.204	19.426	19.655	19.828	20.004	20.243
28	19.655	19.828	20.004	20.243	20.428	20.621
29	20.004	20.243	20.428	20.621	20.819	20.990
30	20.428	20.621	20.819	20.990	21.260	21.539
31	20.819	20.990	21.260	21.539	21.822	22.110
32	21.260	21.539	21.822	22.110	22.402	22.698
33	21.822	22.110	22.402	22.698	22.999	23.304
34	22.402	22.698	22.999	23.304	23.614	23.928
35	22.999	23.304	23.614	23.928	24.247	24.571
36	23.614	23.928	24.247	24.571	24.900	25.233
37	24.247	24.571	24.900	25.233	25.572	25.916
38	24.900	25.233	25.572	25.916	26.265	26.619
39	25.572	25.916	26.265	26.619	26.978	27.343
40	26.265	26.619	26.978	27.343	27.714	28.090
41	26.978	27.343	27.714	28.090	28.471	28.858
42	27.714	28.090	28.471	28.858	29.251	29.650
43	28.471	28.858	29.251	29.650	30.055	30.466
44	29.251	29.650	30.055	30.466	30.884	31.307
45	30.055	30.466	30.884	31.307	31.737	32.173



# Launaflokkar frá 1. júní 2016 – prósentuhækkun

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	6,6%	6,6%	6,5%	6,5%	6,4%	6,4%
2	6,5%	6,5%	6,4%	6,4%	6,3%	6,3%
3	6,4%	6,4%	6,3%	6,3%	6,2%	6,2%
4	6,3%	6,3%	6,2%	6,2%	6,1%	6,1%
5	6,2%	6,2%	6,1%	6,1%	6,0%	6,0%
6	6,1%	6,1%	6,0%	6,0%	5,9%	5,9%
7	6,0%	6,0%	5,9%	5,9%	5,8%	5,8%
8	5,9%	5,9%	5,8%	5,8%	5,7%	5,7%
9	5,8%	5,8%	5,7%	5,7%	5,7%	5,8%
10	5,7%	5,7%	5,7%	5,8%	5,6%	5,8%
11	6,1%	6,4%	6,0%	6,4%	6,2%	6,1%
12	6,0%	6,4%	6,0%	6,0%	6,1%	6,1%
13	6,0%	6,0%	5,9%	5,9%	6,0%	6,1%
14	5,9%	5,9%	5,9%	5,9%	5,8%	5,9%
15	5,8%	5,9%	5,8%	5,8%	5,7%	5,9%
16	5,7%	5,8%	5,7%	5,7%	5,7%	5,7%
17	5,7%	5,9%	5,7%	5,6%	5,5%	5,7%
18	5,7%	5,6%	5,5%	5,5%	5,5%	5,6%
19	5,6%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,6%
20	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
21	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
22	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
23	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
24	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
25	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
26	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
27	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
28	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
29	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
30	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
31	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
32	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
33	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
34	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
35	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
36	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
37	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
38	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
39	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
40	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
41	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
42	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
43	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
44	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%
45	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%



**Sýnum**  
**ábyrga**  
**afstöðu**  
**Greiðum atkvæði**

# Launaflokkar frá 1. maí 2017 – mánaðarlaun – almenn hækkun 4,5%

Tekjutrygging 280.000– lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	252.269	254.108	255.976	257.872	259.795	261.747
2	255.976	257.872	259.795	261.747	263.729	265.740
3	259.795	261.747	263.729	265.740	267.782	269.855
4	263.729	265.740	267.782	269.855	271.958	274.093
5	267.782	269.855	271.958	274.093	276.260	278.460
6	271.958	274.093	276.260	278.460	280.692	282.958
7	276.260	278.460	280.692	282.958	285.258	287.592
8	280.692	282.958	285.258	287.592	288.969	291.373
9	285.258	287.592	288.969	291.373	292.769	294.672
10	288.969	291.373	292.769	294.672	296.769	297.963
11	292.090	294.515	296.089	297.806	299.979	301.458
12	296.089	297.806	299.247	301.145	303.187	304.955
13	299.247	301.145	302.560	304.433	306.450	308.510
14	302.560	304.433	306.137	307.883	309.776	312.129
15	305.928	307.883	309.776	311.711	313.585	316.025
16	309.567	311.711	313.585	315.502	318.509	321.978
17	313.480	316.025	318.509	321.560	324.657	328.533
18	318.613	321.560	324.657	327.861	331.228	334.964
19	324.762	327.861	331.228	334.645	338.114	342.111
20	331.228	334.645	338.114	341.634	345.207	348.834
21	338.114	341.634	345.207	348.834	352.547	356.388
22	345.207	348.834	352.547	356.388	360.287	364.244
23	352.547	356.388	360.287	364.244	368.261	372.338
24	360.287	364.244	368.261	372.338	376.476	380.676
25	368.261	372.338	376.476	380.676	384.939	389.401
26	376.476	380.676	384.939	389.401	393.979	397.445
27	384.939	389.401	393.979	397.445	400.980	405.768
28	393.979	397.445	400.980	405.768	409.472	413.355
29	400.980	405.768	409.472	413.355	417.312	420.737
30	409.472	413.355	417.312	420.737	426.156	431.750
31	417.312	420.737	426.156	431.750	437.428	443.192
32	426.156	431.750	437.428	443.192	449.041	454.980
33	437.428	443.192	449.041	454.980	461.006	467.124
34	449.041	454.980	461.006	467.124	473.333	479.635
35	461.006	467.124	473.333	479.635	486.030	492.524
36	473.333	479.635	486.030	492.524	499.114	505.801
37	486.030	492.524	499.114	505.801	512.591	519.482
38	499.114	505.801	512.591	519.482	526.478	533.577
39	512.591	519.482	526.478	533.577	540.782	548.097
40	526.478	533.577	540.782	548.097	555.520	563.057
41	540.782	548.097	555.520	563.057	570.704	578.467
42	555.520	563.057	570.704	578.467	586.345	594.343
43	570.704	578.467	586.345	594.343	602.460	610.699
44	586.345	594.343	602.460	610.699	619.060	627.550
45	602.460	610.699	619.060	627.550	636.164	644.908

# Launaflokkar frá 1. júní 2017 – krónutöluhækkun

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	10.863	10.942	11.023	11.105	11.187	11.271
2	11.023	11.105	11.187	11.271	11.357	11.443
3	11.187	11.271	11.357	11.443	11.531	11.621
4	11.357	11.443	11.531	11.621	11.711	11.803
5	11.531	11.621	11.711	11.803	11.896	11.991
6	11.711	11.803	11.896	11.991	12.087	12.185
7	11.896	11.991	12.087	12.185	12.284	12.384
8	12.087	12.185	12.284	12.384	12.444	12.547
9	12.284	12.384	12.444	12.547	12.607	12.689
10	12.444	12.547	12.607	12.689	12.780	12.831
11	12.578	12.682	12.750	12.824	12.918	12.981
12	12.750	12.824	12.886	12.968	13.056	13.132
13	12.886	12.968	13.029	13.110	13.196	13.285
14	13.029	13.110	13.183	13.258	13.340	13.441
15	13.174	13.258	13.340	13.423	13.504	13.609
16	13.331	13.423	13.504	13.586	13.716	13.865
17	13.499	13.609	13.716	13.847	13.980	14.147
18	13.720	13.847	13.980	14.118	14.263	14.424
19	13.985	14.118	14.263	14.411	14.560	14.732
20	14.263	14.411	14.560	14.712	14.865	15.022
21	14.560	14.712	14.865	15.022	15.181	15.347
22	14.865	15.022	15.181	15.347	15.515	15.685
23	15.181	15.347	15.515	15.685	15.858	16.034
24	15.515	15.685	15.858	16.034	16.212	16.393
25	15.858	16.034	16.212	16.393	16.576	16.768
26	16.212	16.393	16.576	16.768	16.966	17.115
27	16.576	16.768	16.966	17.115	17.267	17.473
28	16.966	17.115	17.267	17.473	17.633	17.800
29	17.267	17.473	17.633	17.800	17.970	18.118
30	17.633	17.800	17.970	18.118	18.351	18.592
31	17.970	18.118	18.351	18.592	18.837	19.085
32	18.351	18.592	18.837	19.085	19.337	19.592
33	18.837	19.085	19.337	19.592	19.852	20.115
34	19.337	19.592	19.852	20.115	20.383	20.654
35	19.852	20.115	20.383	20.654	20.930	21.209
36	20.383	20.654	20.930	21.209	21.493	21.781
37	20.930	21.209	21.493	21.781	22.073	22.370
38	21.493	21.781	22.073	22.370	22.671	22.977
39	22.073	22.370	22.671	22.977	23.287	23.602
40	22.671	22.977	23.287	23.602	23.922	24.246
41	23.287	23.602	23.922	24.246	24.576	24.910
42	23.922	24.246	24.576	24.910	25.249	25.594
43	24.576	24.910	25.249	25.594	25.943	26.298
44	25.249	25.594	25.943	26.298	26.658	27.024
45	25.943	26.298	26.658	27.024	27.395	27.771

# Launaflokkar frá 1. maí 2018 – mánaðarlaun – almenn hækkun 3%

Tekjutrygging 300.000– lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	259.837	261.732	263.655	265.608	267.589	269.600
2	263.655	265.608	267.589	269.600	271.641	273.713
3	267.589	269.600	271.641	273.713	275.816	277.950
4	271.641	273.713	275.816	277.950	280.117	282.316
5	275.816	277.950	280.117	282.316	284.548	286.814
6	280.117	282.316	284.548	286.814	289.113	291.447
7	284.548	286.814	289.113	291.447	293.816	296.220
8	289.113	291.447	293.816	296.220	297.638	300.114
9	293.816	296.220	297.638	300.114	301.552	303.512
10	297.638	300.114	301.552	303.512	305.672	306.902
11	300.853	303.351	304.972	306.740	308.978	310.502
12	304.972	306.740	308.225	310.179	312.283	314.104
13	308.225	310.179	311.637	313.566	315.644	317.765
14	311.637	313.566	315.321	317.120	319.069	321.493
15	315.106	317.120	319.069	321.062	322.992	325.505
16	318.854	321.062	322.992	324.967	328.064	331.637
17	322.885	325.505	328.064	331.207	334.397	338.389
18	328.172	331.207	334.397	337.696	341.164	345.013
19	334.505	337.696	341.164	344.685	348.257	352.374
20	341.164	344.685	348.257	351.883	355.563	359.299
21	348.257	351.883	355.563	359.299	363.124	367.080
22	355.563	359.299	363.124	367.080	371.095	375.172
23	363.124	367.080	371.095	375.172	379.309	383.508
24	371.095	375.172	379.309	383.508	387.770	392.096
25	379.309	383.508	387.770	392.096	396.488	401.083
26	387.770	392.096	396.488	401.083	405.798	409.368
27	396.488	401.083	405.798	409.368	413.009	417.941
28	405.798	409.368	413.009	417.941	421.756	425.755
29	413.009	417.941	421.756	425.755	429.832	433.359
30	421.756	425.755	429.832	433.359	438.940	444.702
31	429.832	433.359	438.940	444.702	450.551	456.488
32	438.940	444.702	450.551	456.488	462.513	468.629
33	450.551	456.488	462.513	468.629	474.836	481.138
34	462.513	468.629	474.836	481.138	487.533	494.024
35	474.836	481.138	487.533	494.024	500.611	507.300
36	487.533	494.024	500.611	507.300	514.087	520.975
37	500.611	507.300	514.087	520.975	527.969	535.066
38	514.087	520.975	527.969	535.066	542.273	549.585
39	527.969	535.066	542.273	549.585	557.006	564.540
40	542.273	549.585	557.006	564.540	572.186	579.949
41	557.006	564.540	572.186	579.949	587.825	595.821
42	572.186	579.949	587.825	595.821	603.935	612.173
43	587.825	595.821	603.935	612.173	620.534	629.020
44	603.935	612.173	620.534	629.020	637.632	646.376
45	620.534	629.020	637.632	646.376	655.249	664.255

# Launaflokkar frá 1. júní 2018 – krónutöluhækkun

Lfl.	<23 ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
1	7.568	7.623	7.679	7.736	7.794	7.852
2	7.679	7.736	7.794	7.852	7.912	7.972
3	7.794	7.852	7.912	7.972	8.033	8.096
4	7.912	7.972	8.033	8.096	8.159	8.223
5	8.033	8.096	8.159	8.223	8.288	8.354
6	8.159	8.223	8.288	8.354	8.421	8.489
7	8.288	8.354	8.421	8.489	8.558	8.628
8	8.421	8.489	8.558	8.628	8.669	8.741
9	8.558	8.628	8.669	8.741	8.783	8.840
10	8.669	8.741	8.783	8.840	8.903	8.939
11	8.763	8.835	8.883	8.934	8.999	9.044
12	8.883	8.934	8.977	9.034	9.096	9.149
13	8.977	9.034	9.077	9.133	9.194	9.255
14	9.077	9.133	9.184	9.236	9.293	9.364
15	9.178	9.236	9.293	9.351	9.408	9.481
16	9.287	9.351	9.408	9.465	9.555	9.659
17	9.404	9.481	9.555	9.647	9.740	9.856
18	9.558	9.647	9.740	9.836	9.937	10.049
19	9.743	9.836	9.937	10.039	10.143	10.263
20	9.937	10.039	10.143	10.249	10.356	10.465
21	10.143	10.249	10.356	10.465	10.576	10.692
22	10.356	10.465	10.576	10.692	10.809	10.927
23	10.576	10.692	10.809	10.927	11.048	11.170
24	10.809	10.927	11.048	11.170	11.294	11.420
25	11.048	11.170	11.294	11.420	11.548	11.682
26	11.294	11.420	11.548	11.682	11.819	11.923
27	11.548	11.682	11.819	11.923	12.029	12.173
28	11.819	11.923	12.029	12.173	12.284	12.401
29	12.029	12.173	12.284	12.401	12.519	12.622
30	12.284	12.401	12.519	12.622	12.785	12.952
31	12.519	12.622	12.785	12.952	13.123	13.296
32	12.785	12.952	13.123	13.296	13.471	13.649
33	13.123	13.296	13.471	13.649	13.830	14.014
34	13.471	13.649	13.830	14.014	14.200	14.389
35	13.830	14.014	14.200	14.389	14.581	14.776
36	14.200	14.389	14.581	14.776	14.973	15.174
37	14.581	14.776	14.973	15.174	15.378	15.584
38	14.973	15.174	15.378	15.584	15.794	16.007
39	15.378	15.584	15.794	16.007	16.223	16.443
40	15.794	16.007	16.223	16.443	16.666	16.892
41	16.223	16.443	16.666	16.892	17.121	17.354
42	16.666	16.892	17.121	17.354	17.590	17.830
43	17.121	17.354	17.590	17.830	18.074	18.321
44	17.590	17.830	18.074	18.321	18.572	18.826
45	18.074	18.321	18.572	18.826	19.085	19.347

# Yfirlýsingar ríkisstjórnar

Yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við kjarasamningana á almennum markaði er einhliða yfirlýsing ríkisstjórnar í 11 liðum sem hún lagði fram í lok samningaviðræðna í þeim tilgangi að liðka fyrir gerð kjarasamninganna. Ýmis fyrirheit stjórnvalda mun bæta hag launafólks, en þar ber hæst tekjuskattslækkun, jöfnun örorkubyrdi lífeyrissjóða, menntamál og aukinn stuðningur í húsnæðismálum, bæði við félagslegt íbúðakerfi, tekjulága einstaklinga og leigjendur. Þessi yfirlýsing á einnig við um kjarasamninga á opinbera markaðnum.

## Mikilvæg áform í húsnæðismálum

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál má líta svo á að ríkisstjórnin hafi komið mikið til móts við málflutning Alþýðusambandsins og stéttarfélaganna þar sem þau markmið að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum, styðja við kaup á fyrstu íbúð og tryggja framboð á íbúðarhúsnæði fyrir tekjulágar fjölskyldur og ungt fólk á húsnæðismarkaði hafa verið hluti af málflutningi stéttarfélaganna undanfarin ár.

### Ráðist í byggingu 2300 félagslegra leiguíbúða

Það vekur athygli að ríkisstjórnin hefur nú sett áform um uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis á oddinn að nýju en ríkisstjórnir undangengin ár hafa ekki viljað endurreisa félagslega húsnæðiskerfið. Þess vegna eru fyrirheit um byggingu 2300 félagslegra leiguíbúða á næstu fjórum árum 2016–2019 sérstaklega fréttuð og hlýtur að teljast mikilvægur liður í að endurreisa félagslegt húsnæðiskerfi hér á landi og tryggja þannig tekjulægri fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma.

### Stuðningur við kaup á fyrstu íbúð

Það hefur komið fram í Gallup-könnunum félaganna við Flóann að mikil fækkun hefur orðið í þeim hópi sem býr við öryggi í húsnæðismálum og ungt fólk sér margt ekki nokkra möguleika á að taka íbúð á leigu eða eignast íbúðarhúsnæði. Þess vegna eru áform stjórnvalda um stuðning við fólk til að kaupa fyrstu íbúð sérlega mikilvæg.

### Mikilvægt að lækka húsnæðisverð og hækka húsnæðisbætur

En gera má ráð fyrir að þau séu ekki síðri áformin um hækkan húsnæðisbóta og almennar ráðstafanir til að lækka byggingakostnað en öll þessi viðleitni stjórnvalda er til þess fallin að aðstoða þá efnaminni og tekjulægri til að eignast eða leigja íbúðarhúsnæði. Því eru félagsmenn hvattir til að kynna sér þessar tillögur stjórnvalda með því að lesa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og fylgjast síðan með lagasetningunni þegar kemur að henni í haust og á næsta ári.

## Tekjuskattslækkun einstaklinga er mikilvægt framlag

Þau mál sem gera má ráð fyrir að skipti launafólk mestu máli eru skattamál en þar er tekjuskattslækkun einstaklinga eitt mikilvægasta framlagið. Heildarlækkun á tekjuskatti einstaklinga skv. áætlunum stjórnvalda mun þannig nema allt að 16 milljörðum króna á tímabilinu 2014–2017 sem svarar til 13% af tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga á áætlun fjárlaga yfirstandandi árs.

### Lækkunin kemur efri tekjuhópum meira til góða

Ljóst er að tekjuskattslækkunin mun koma efri tekjuhópum meira til góða en þeim sem eru á lægri launum. Á hinn bóginn vegur samningur Flóafélaganna mun þyngra í neðri hluta launastigans þannig að það má segja að á meðan stéttarfélögin hafa horft að mestu leyti til þess að verja fólk með lægri og meðallaun, eru stjórnvöld að styðja meira við bak þeirra sem eru með hærri tekjur og tekjuskattslækkunin kemur þeim mest til góða sem eru með hærri laun.

### Persónuafsláttur mun hækka í takt við verðlagsbreytingar

Fyrirheit um að persónuafsláttur muni hækka í takt við verðlagsbreytingar er jákvætt fyrir launafólk en dæmi er um það úr fortíðinni að persónuafsláttur hafi ekki fylgt verðlagsforsendum sem hefur smám saman þyngt skattbyrðina.

### Kostur að stefnt er að lögfestingu þessara breytinga á haustþingi 2015

Það er nokkur kostur við þessi áform ríkisstjórnarinnar að launafólki gefst kostur á að fylgjast með áhrifum þessara skattbreytinga eftir nokkra mánuði þar sem lögfesting þeirra mun fara fram á haustþinginu 2015.



## Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða

Það olli gríðarlegum vonbrigðum á þessu kjörtímabili þegar stjórnvöld ákváðu að ganga á bak loforða sem veitt höfðu verið um að ríkið jafnaði örorkubyrði lífeyrissjóðanna en lífeyrissjóðir almenns verkafólks og sjómanna bera mun hærri örorkubyrði en aðrir sjóðir. Framlag til að þjóna þessu markmiði var fest í kjarasamningi 2005 en síðan lögbundið ári síðar. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið í yfirlýsingu sinni að draga fyrri ákvörðun sína til baka og halda áfram að jafna örorkubyrðina og skiptir þetta miklu máli fyrir sjóðfélaga í almennu lífeyrissjóðunum en þeirra lífeyristekjur hefðu farið að skerðast ef þessi breyting kæmi ekki til.

## Tryggja námstækifæri fyrir 25 ára og eldri

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru áform um að tryggja áfram námstækifæri fyrir 25 ára og eldri en búið var að svipta þennan aldurshóp réttindum til framhaldsmenntunar hjá símenntunarstöðvum þar sem ekki var gert ráð fyrir fjárframlagi til að standa undir kostnaði við menntun þessa hóps.

Fjöldmörg önnur atriði eru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og eru félagsmenn hvattir til að fara yfir þessi áform þar sem ekki er rými til að fjalla um þau öll hér.

---

# 30. okt. er síðasti dagurinn

sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöðu í atkvæðagreiðslunni



# Sýnum ábyrgð og skilum atkvæðunum!

Atkvæði pósthleggist í síðasta lagi 27. október

---

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Efling-stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis hins vegar gera með sér svofellt**

**SAMKOMULAG**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. gr.**

**Gildistími**

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomu-  
lagi þessu felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.**

**Launahækkanir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1. maí 2015: Laun hækka um kr. 25.000, sbr. meðfylgjandi töflu (sjá fylgiskjal II).

1.06. 2016: Laun hækka um 5,5% eða 15.000 kr. að lágmarki, sbr. meðfylgjandi töflu (fylgiskjal III).

1.06. 2017: 4,5%, sbr. meðfylgjandi töflu (fylgiskjal IV).

1.06. 2018: 3%, sbr. meðfylgjandi töflu (fylgiskjal V).

1.02. 2019: Sérstök eingreiðsla, kr. 45.000, miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2019. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

Fyrir tímamælda ákvæðisvinnu í ræstingum frá kl. 8:00–20:00 greiðist eftirfarandi tímakaup:

Frá 1. maí 2015 kr. 1.463,52

Frá 1. júní 2016 kr. 1.565,97

Frá 1. júní 2017 kr. 1.655,23

Frá 1. júní 2018 kr. 1.724,75

Fyrir tímamælda ákvæðisvinnu í ræstingum frá kl. 20:00–8:00 greiðist eftirfarandi tímakaup:

Frá 1. maí 2015 kr. 1.765,58

Frá 1. júní 2016 kr. 1.889,17

Frá 1. júní 2017 kr. 1.996,86

Frá 1. júní 2018 kr. 2.080,72

Fyrir flatarmælda ákvæðisvinnu í ræstingum greiðist eftirfarandi:

	Gólfræsting	Fiml.hús	Salerni
Frá 1. maí 2015	kr. 357,23	kr. 309,71	kr. 402,75
Frá 1. júní 2016	kr. 382,23	kr. 331,39	kr. 430,94
Frá 1. júní 2017	kr. 404,02	kr. 350,28	kr. 455,50
Frá 1. júní 2018	kr. 420,99	kr. 364,99	kr. 474,63

**3. gr.**

**Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015 78.000 kr.

Á árinu 2016 82.000 kr.

Á árinu 2017 86.000 kr.

Á árinu 2018 89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015 42.000 kr.

Á árinu 2016 44.500 kr.

Á árinu 2017 46.500 kr.

Á árinu 2018 48.000 kr.

#### 4. gr. Yfirvinnukaup

Gr. 1.4.3 breytist og verður sem hér segir:

Sé yfirvinna fjarri föstum vinnustað ekki greidd skv. tímareikningi skal semja um þá greiðslu fyrirfram við viðkomandi starfsmann og í samráði við stéttarfélagið.

#### 5. gr. Um eyður í vinnutíma

Grein 2.1.3 breytist og verður sem hér segir:

Vinnutími skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið. Fyrir eyður í vinnutíma er greitt skv. gr. 1.5.3 og 1.5.4.

#### 6. gr. Um útköll

Greinar 2.3.3.1 og 2.3.3.2 breytast og verða sem hér segir:

##### 2.3.3 Útköll

2.3.3.1 Útkall á virkum dögum á tímabilinu kl. 08:00–24:00.

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 3 klst., nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því hann fór til vinnu en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess að reglulegur vinnutími hefist. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru liðnar frá lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkalls.

2.3.3.2 Útkall milli kl. 00:00 og 08:00 og á almennum og sérstökum frídögum.

Ef útkall hefist á tímabilinu kl. 00:00–08:00 frá mánudegi til föstudags, kl. 17:00–24:00 á föstudegi eða á almennum eða sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, skal greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti 4 klst. nema reglulegur vinnutími hefjist innan 3 ½ klst. frá því að útkall hófst en í þeim tilvikum skal greiða ½ klst. til viðbótar við unninn tíma.

Við lágmarksgreiðslu í útkalli bætist hvorki matar- og/eða kaffitími né ferðatími eða bæting fyrir slíkt. Sé um endurtekin útköll að ræða með stuttu millibili skal greiða samfelldan tíma frá upphafi fyrra/fyrsta útkalls þangað til síðara/síðasta útkalli lýkur.

#### 7. gr. Vaktavinna

Gr. 2.6.2 breytist og verður sem hér segir:

Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal leggja fram drög að vaktskrá 6 vikum áður en hún tekur gildi. Við gerð vaktskrár skal kappkostað að uppsöfnun vinnutíma sé takmörkuð eins og frekast er unnt. Starfsmenn fá í framhaldinu einnar viku svigrúm til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á fyrirbyggjandi drögum að vaktskrá. Endanleg vaktskrá skal svo lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefist nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24–168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

*Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00–24:00 á föstudögum, kl. 24:00–08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00–24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og blutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.*

#### 8. gr. Yfirvinna

Við gr. 2.3.8 bætist eftirfarandi skýringartexti:

Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutímakaupi starfsmanns og skal það greitt við næstu reglulegu útborgun, þ.e. þegar yfirvinnan hefði ella komið til greiðslu.

## 9. gr.

### Matar- og kaffítímar – fæði og mötuneyti

Við gr. 3.4.3 bætist eftirfarandi skýringartexti:

Meðaltalsverð fæðis er kr. 625 árið 2014. Upphæð meðaltalsverðs er birt á vef Fjársýslu ríkisins (www.fjs.is) undir liðnum laun og launatöflur.

#### Gr. 3.5.1 breytist og verður sem hér segir:

Starfsmönnum sem gert er skylt að matast með sjúklingum/vismönnum og aðstoða þá við borðhaldið skulu undanþegnir því að greiða fyrir þær máltíðir enda sé þeim ekki umbunað fyrir það með öðrum hætti svo sem styttri vinnutíma eða greiðslu. Starfsmaður skal í slíkum tilvikum hafa sambærilega aðstöðu og sama fæði og sjúklingar/vismenn.

## 10. gr.

### Dagpeningar innanlands

Gr. 5.2.4 breytist og verður sem hér segir:

Samkomulag er milli aðila um að dagpeningum ferðakostnaðarnefndar fyrir fæðiskostnað skuli skipt í 8 einingar fyrir allar máltíðir dagsins þannig:

• árbítur	1 ein.	kr. 1.363
• morgunkaffi	1 ein.	kr. 1.363
• hádegisverður	2 ein.	kr. 2.725
• síðdegiskaffi	1 ein.	kr. 1.363
• kvöldverður	2 ein.	kr. 2.725
• kvöldkaffi	1 ein.	kr. 1.363

## 11. gr.

### Aðbúnaður og hollustuhættir

Gr. 6.7.1 breytist og verður sem hér segir:

Á vinnustöðum þar sem sérstök hætta er á heilsutjóni starfsmanna getur viðkomandi stéttarfélag óskað sérstakrar læknisskoðunar á starfsfólki. Telji sérmenntaður embættislæknir Vinnueftirlits ríkisins slíka skoðun nauðsynlega skal hún framkvæmd eins fljótt og unnt er.

## 12. gr.

### Verkfæri og vinnuföt

Við gr. 8.2.2 bætist eftirfarandi setning:

Um hlífðarfatnað er fjallað í viðauka 1 með kjarasamningi aðila undirrituðum 7. apríl 2004.

## 13. gr.

### Stofnanabáttur (11. kafli)

Gr. 11.3 breytist og verður sem hér segir:

#### 11.3.1 Röðun starfa

Í stofnanasamningi skal semja um grunnröðun starfa og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/-sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa t.d. í tengslum við starfsmannasamtöl.

Þættir er koma til álita við mat á röðun starfs eru t.d.:

1. Skipurit stofnunar eða annað formlegt starfsskipulag.
2. Umfang verkefna/starfa (gæti verið mælt í manna- eða fjárforráðum eða „þyngd“ verkefna).

#### 11.3.2 Persónubundnir þættir

Heimilt er að semja um persónubundna þætti sem gera starfsmenn hæfari en ella til að sinna viðkomandi starfi.

Þeir þættir sem koma til álita eru t.d.:

1. Aukin reynsla starfsmanns, t.d. starfsreynsla ýmist innan stofnunar eða í sambærilegum störfum.
2. Aukin hæfni starfsmanns, t.d. formleg menntun, eða framtak starfsmanns við að afla sér símenntunar og þekkingar sem að gagni kemur í starfi, t.d. með starfstengdum námskeiðum. Sérstaklega skal meta formlegt nám sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu.
3. Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði eða góður árangur í starfi.

### 11.3.3 Tímabundnir þættir

Eins er heimilt að semja um tímabundna þætti:

1. Frammistaða starfsmanns, gæti t.d. tengst árangurs- eða frammistöðumati.
2. Aukin tímabundin verkefni, umfang eða ábyrgð.

### 11.3.4

Þegar fyrir liggur sameiginleg afstaða til m.a. þessara þátta er þar með búið að ákveða hvaða þættir skuli ráða röðun starfsmanna þessarar stofnunar. Starfsmaðurinn á þar með rétt á að fá röðun sína endurmetna, telji hann sig uppfylla fyrrgreindar forsendur og stofnun er skylt að endurraða honum ef það er rétt. Ef stofnun hafnar endurmati, getur starfsmaður skotið því til samstarfsnefndar og þar er tekin endanleg ákvörðun um hvort röðun starfsmanns skuli breytt eða ekki.

## 14. gr.

### Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa

Gr. 12.8.1 breytist og verður sem hér segir:

Foreldri/forráðamaður á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðaða við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

## 15. gr.

### Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist till kynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 30. október 2015 skodast hann samþykktur.

Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skulu aðilar taka upp viðræður um um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart þessum samningi.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Reykjavík, 7. október 2015

*Sign.*

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra  
með fyrirvara um samþykki

*Sign.*

f.h. Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og  
Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis,  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

# Bókanir með kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis 2015

## Bókun 1

Sett verði af stað vinna með aðilum vinnumarkaðarins um aðferðir við að tengja launaþróun á almennum markaði við launaþróun starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir að hægt verði að beita slíkum aðferðum á samningstímabilinu.

## Bókun 2

Markmið samningsins er að viðhalda dreifstýringu/stofnanasamningskerfinu í því skyni að efla samkeppnisstöðu ríkisstofnana og auka tækifæri starfsmanna til að hafa áhrif á eigin launaþróun, með því að færa launasetningu nær vettvangi og laga hana að þörfum hverrar stofnunar fyrir sig. Leitast verður við að gera stofnanasamningakerfið skilvirkara til að tryggja sameiginlega hagsmuni.

Aðilar eru sammála um að efla þurfi og viðhalda þekkingu þeirra forsendna og markmiða sem liggja að baki því fyrirkomulagi launaákvæðana sem kjarasamningar aðila byggja á og tengjast aðferðarfræði heildstæðrar mannauðsstjórnunar, þar sem fyrirkomulag launaákvæðana er einn þáttur í röð samfelldra aðgerða er varða mat á starfi og hvernig það þróast með skipulegum hætti.

Til að tryggja það hafa aðilar orðið ástaddir um að fela starfshópi skipuðum fulltrúum samningsaðila að undirbúa og skipuleggja annars vegar framtíðartilhögun slíkrar fræðslu og hins vegar sérstakt fræðsluáttak um stofnanasamninga fyrir stofnanir og stéttarfélög í tengslum við breyttar forsendur í þessum samningi.

Starfshópurinn undirbúi og skipuleggi fræðsluáttakið, í samstarfi við aðra þ. á m. fræðslusjóði.

Markmiðið er að fræðsluáttakinu verði lokið fyrir 31. maí 2016 og fyrir liggja áætlun um með hvaða hætti þessu starfi verði framhaldið.

## Bókun 3

Vegna vandkvæða við samræmingu stofnanasamninga á þeim heilbrigðisstofnunum sem hafa verið sameinaðar á undanförunum misserum eru aðilar sammála um að setja á laggirnar stýrihóp skipaðan fulltrúum beggja aðila.

Stýrihópurinn skal skipaður eigi síðar en 31. október 2015. Til þessa verkefnis verður heimilt að ráðstafa allt að 20 milljónum kr. árlega árin 2016–18 og er það kostnaðarauki hinna völdu stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum. Það fjármagn sem ekki fer til stofnanasamninga heilbrigðisstofnana verður notað í styrkingu stofnanasamningskerfisins sbr. bókun 2.

Komi til þess að samkomulag náist um útfærslu skv. bókun 1 munu samningsaðilar taka afstöðu til þess hvaða áhrif framlag þetta hefur við mat á launaskriði.

## Bókun 4

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs um grunnendurskoðun á 2. kafla kjarasamninga, um vinnutíma. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að fjölskylduvænum vinnumarkaði með styttri heildarvinnutíma og auknum hlut dagvinnulauna í heildarlaunum. Breytingar í þessa veru bæta stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði, bæði hvað varðar vinnutíma og grunnlaun, sem um leið getur styrkt stöðu Íslands í samkeppni um starfsfólk

Meðal annars verði eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Breyting á skilgreindum vinnutíma.
- Í viðræðum um breytingar á vinnutímaákvæðum kjarasamninga verði fjallað um upptöku „virks vinnutíma“ og endurskoðun álagstímabíla og álagsgreiðslna vegna vinnu utan dagvinnutímabíls.
- Endurskoða lengd og greiðslu frítökuréttar.
- Nánari skýringar og reglur varðandi hvíldartíma, sbr. kafla 2.4.

Almennt skal gengið út frá því að endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar.

Samningsaðilar munu skipa í vinnuhóp fyrir 30. nóvember 2015 til að vinna að undirbúningi breytinga á vinnutímaákvæði kjarasamninga.

Um atkvæðagreiðslu verður samið sérstaklega en gengið er út frá því að einfaldan meirihluta þurfi til að samkomulag um breytingar öðlist gildi.

## Bókun 5

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að á vinnustöðum ríkisstarfsmanna sé yfirlýst samræmd stefna um forvarnir, fjarvistir, fjarvistaskráningu og endurkomu til starfa eftir veikindi eða slys. Í því skyni verður leitað eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila með sérstakri áherslu á eftirfarandi atriði:

- Skráning og talning fjarvista vegna veikinda.
- Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.
- Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi.
- Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.
- Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.

## Bókun 6

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að áfram verði unnið að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins.

Þá er mikilvægt að að horfa til þess að undanfarna áratugi hafa ævilíkur aukist samhliða mikilli fjölgun örorkulífeyrisþega.

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að starfsmenn eigi kost á ákveðnum sveigjanleika þegar kemur að starfslokum vegna aldurs og eins við endurkomu til starfa eftir langvarandi veikindi. Mikilvægt er að taka tillit til aðstæðna hvers og eins.

## Bókun 7

Það er sameiginlegur skilningur aðila að launagreiðendur eru skaðabótaskyldir verði starfsmenn fyrir líkams- eða munatjóni af hálfu einstaklinga sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti geta borið ábyrgð á gerðum sínum. Við mat og uppgjör kröfu gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Það er launagreiðanda í sjálfsvald sett hvort hann ber áhættuna sjálfur eða váttryggir sig.

## Bókun 8

Framlag ríkisins í þróunar- og símenntunarsjóð verður tímabundið hækkað í 0,82% af heildalaunum félagsmanna í Flóabandalaginu. Sú hækkun gildir út samningstíma samkomulags þessa. Á samningstímanum verði unnið að einföldun á stjórnáslu fræðslusjóða sem ríkið greiðir til vegna félagsmanna í Flóabandalaginu.

## Bókun 9

Á undanförunum árum hafa verið gerðar töluverðar breytingar á einstökum greinum kjarasamnings aðila. Því þarf að fara yfir samninginn í heild sinni og laga textann að gerðum breytingum. Skal hvor aðili um sig tilnefna einn fulltrúa til þess verks eigi síðar en í desember 2015 og skal vinnunni lokið fyrir 1. júní 2016.

## Fylgiskjal 1


Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun:

Frá 1. júní 2015	245.000 kr.
Frá 1. júní 2016	260.000 kr.
Frá 1. júní 2017	280.000 kr.
Frá 1. júní 2018	300.000 kr.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar álags-, aukagreiðslur og yfirvinna, sem fellur til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.





# Er þitt atkvæði dautt atkvæði?

Það hefur sýnt sig í atkvæðagreiðslum um samninga að margir þeirra sem eru fylgjandi samningum, sitja hjá. Úrslit í þannig atkvæðagreiðslu endurspegla ekki vilja meirihluta félagsmanna. Félögin sem að samningnum standa, hvetja þig til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

**Sýnum ábyrga afstöðu og greiðum atkvæði!  
Þitt atkvæði skiptir máli**

**Remember that your vote is important!**

